

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. apríl 2019  
2019040006/42-0  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til í framangreindu frumvarpi. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

1. Í 2. gr. frumvarpsins b lið (5. gr. a.) *Aðlögun að loftslagsbreytingum*, segir: „Ráðherra lætur vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum og setur reglugerð um gerð og eftirfylgni hennar.“ Þetta ákvæði er mjög opið í frumvarpinu eins og reyndar er bent á í greinargerð með því en þar er fyrst og fremst vísað í hlutverk Loftslagsráðs. Náttúrufræðistofnun telur að betra sé að tilgreina nánar í lögumum hverjum er ætlað að vinna verkið og hvernig það er fjármagnað í stað þess að vísa eingöngu til að sett verði reglugerð um efnið. Aðlögun að loftslagsbreytingum er í eðli sínu mjög víðfemt efni og spannar mörg ólík viðfangsefni s.s. náttúruvá, skipulagsmál, landnýtingu og náttúrvernd, ýmsa „innviði“ s.s. vegakerfi, orkuöflun, tryggingarmál og rannsóknir sem vinna þarf m.a. í nánnum tengslum við fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.
2. Í 3. gr. a lið (5. gr. b.) er kveðið á um stofnun Loftslagsráðs. Hlutverk ráðsins er mjög umfangsmikið og gæti þess vegna verið nokkur ársverk. Ekki kemur beint fram í frumvarpinu hver sé áætlaður kostnaður við rekstur ráðsins. Gera má ráð fyrir að kostnaður við ráðið sé greiddur úr ríkissjóði eins og kemur fram í þingsályktun nr. 46/175 en þessa er ekki getið í frumvarpinu eða greinargerð við það sjá lið 6, Mat á áhrifum.
3. Í 3. gr. b lið (5. gr. c.) um Lofslagsstefnu ríkisins er fjallað um að stofnanir ríkisins og fyrirtæki í meirihluta eigu ríkisins skuli setja sér loftslagsstefnu. Umhverfisstofnun er ætlað að



hafa eftirlit með gerð lofslagsstefnunnar, innleiðingu aðgerða samkvæmt henni ásamt því að fylgjast með árangri. Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir 15 milljónum króna árlega til verkefnisins til Umhverfisstofnunar. Ekki er að sjá gert sé ráð fyrir að fjárframlögum til annarra aðila en það má vera ljóst að veruleg vinna, hjá sumum ríkisstofnunum og fyrirtækjum, getur farið í það eitt að setja sér framangreinda lofslagsstefnu fyrir utan það að hrinda henni í framkvæmd.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er það einkennilegt miðað við umfang og alvöru málsins að ekki skuli gerð betur grein fyrir áætluðum ársverkum og kostnaði við hvern verkþátt í frumvarpinu eða greinargerð með því og auk þess óljóst hvort Loftslagssjóður skuli standa undir kostnaði eða framlög komi beint úr ríkissjóði.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

